

Úr íslenskri þýðingu á krullureglum WCF

R14. TVENNDARLEIKUR (MIXED DOUBLES)

- (a) Lið samanstendur af tveimur leikmönnum, einum karlkyns og einum kvenkyns. Ekki er leyft að hafa varamenn. Lið verður að gefa hvern þann leik eða leiki þar sem ekki geta báðir leikmenn leikið allan leikinn. Leyfður er einn þjálfari hjá hverju liði.
- (b) Skor skal vera með sama hætti og í venjulegum krulluleik. Steinar sem staðsettir eru áður en hver umferð hefst geta gefið stig.
- (c) Allir leikir eru átta umferðir.
- (d) Hvort lið skal senda fimm steina í hverri umferð. Leikmaðurinn sem sendir fyrsta stein liðsins í umferð verður einnig að senda síðasta stein liðsins í þeirri umferð. Hinn leikmaðurinn skal senda annan, þriðja og fjórða stein liðsins í þeirri umferð. Mögulegt er að breyta á milli umferða hvor leikmaðurinn sendir fyrsta steininn.
- (e) Ekki má skjóta steini úr leik, þar með taldir „staðsettir“ steinar og steinar í húsinu fyrr en fjórði steinn í umferð er sendur (fjórði steinn sem er sendur er fyrsti steinn sem má skjóta öðrum steini úr leik). Við brot á þessu skal steinninn sem sendur var fjarlægður úr leiknum og allir steinar sem hreyfðust úr stað skulu settir aftur á sinn stað af liðinu sem ekki gerðist brotlegt.
- (f) Fyrir upphaf hvers umferðar skal annað liðið „staðsetja“ sinn stein á þeim enda brautarinnar sem leikið er á annan af tveimur stöðum, merktum A og B. Hitt liðið „staðsetur“ sinn stein á þann stað (A eða B) sem er laus. Staðsetning þessara staða er sem hér segir:
 - (i) Staðsetning A: Þannig að miðlínan sker hann miðjan og er annað hvort strax framan við eða strax aftan við einn af þremur punktum á ísnum. Þessir þrjú punktar eru á miðlínunni:
 - 1) Á miðpunkti á milli framlínu og ytri brúnar á framhlið hússins,
 - 2) 0,915 m (3 fetum) nær húsinu en miðpunkturinn
 - 3) 0,915 m (3 fetum) nær framlínunni en miðpunkturinnLiðin skulu, byggt á ástandi íssins, ákveða tiltekna staðsetningu punkts A sem nota á fyrir hverja braut áður en æfing fyrir leik hefst og skal sú sama staðsetning notuð allan leikinn.
 - (ii) Staðsetning B: Þannig að steinninn sé í aftari hluta hússins, miðlínan skeri hann miðjan og liggi að aftari brún T-línunnar.
- (g) Liðið sem fær ákvörðunarrétt um „staðsetningu“ steina skal vera:
 - (i) Lið sem eigast við skulu nota skot að miðju til að ákveða hvort liðið fær ákvörðunarréttinn í fyrstu umferð. Liðið með minni fjarlægð ákveður staðsetninguna.
 - (ii) Eftir fyrstu umferð fær það lið sem ekki skoraði ákvörðunarréttinn um staðsetninguna.

- (iii) Ef hvorugt liðið skoraði í umferð skal liðið sem átti fyrsta stein í þeirri umferð fá ákvörðunarréttinn í næstu umferð.
- (h) Liðið sem á „staðsettan“ stein á punkti A (framan við húsið) skal senda fyrsta steininn í þeirri umferð og liðið sem á „staðsettan“ stein á punkti B skal senda annan stein í þeirri umferð.
- (i) Þegar lið sendir stein skal sá leikmaður sem ekki er að senda steininn vera staðsettur innan við framlínu á yfirborði íssins á þeim enda brautarinnar þar sem leikið er. Eftir að steinn er sendur mega annar eða báðir leikmenn sópa steininn og hvern þann stein sem hreyfist úr stað og tilheyrir þeirra liði hvar sem er framan við T-línuna á þeim enda sem leikið er. Þetta á við um alla steina sem liðið sendir, þar á meðal í skoti að miðju.
- (j) Ef leikmaður sendir stein þegar ekki er komið að honum að senda er steinninn færður aftur að spyrnunni svo réttur leikmaður geti sent hann, eftir að allir steinar sem hreyfðust úr stað hafa verið settir aftur á sinn stað af liðinu sem ekki gerðist brotlegt. Ef villan uppgötvast ekki fyrr en eftir að næsti steinn á eftir hefur verið sendur heldur leikurinn áfram eins og ekkert hafi í skorist.